

**82. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
15. maí 2018 og hófst hann kl. 16:30.**

**Fundinn sátu:**

Þórður Guðjónsson formaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigrún Inga Guðnadóttir áheyrnarfulltrúi, Rakel Óskarsdóttir varamaður, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1804242 - Þróunarverkefni 2018 - þróunarsjóður skóla- og frístundasviðs.**

Auglýst var eftir umsóknum um styrki í þróunarsjóð skóla- og frístundasviðs þann 6. apríl og var umsóknarfrestur til 30. apríl 2018.

Til ráðstöfunar eru kr. 3.500.000.

Alls bárust þrjár umsóknir.

*Skóla- og frístundaráð samþykkir allar umsóknir um styrki í þróunarsjóð og vísar afgreiðslunni til bæjarráðs til staðfestingar. Jafnframt leggur ráðið til að auglýst verði eftir umsóknum í haust til úthlutunar á því fjármagni sem er óráðstafað.*

**2. 1801253 - Verklagsreglur um frístundastarfsemi hjá Akraneskaupstað**

Afgreiðsla á verklagsreglum um frístundastarf.

*Skóla- og frístundaráð samþykkir verklagsreglur um frístundastarf á Akranesi og vísar minnisblaði um kostnaðarauka til bæjarráðs til staðfestingar.*

**3. 1804127 - Styrkir 2018 - íþróttá- og tómstundafélaga.**

Úthlutun styrkja til íþróttá- og tómstundafélaga 2018.

Umsóknir bárust frá 18 aðilum vegna þjálfunar og leiðsagnar barna og unglinga 3-18 ára. Styrktímabil er frá 1. janúar - 31. desember 2017.

Styrkjum er úthlutað samkvæmt viðmiðunarreglum.

Iðkendatölur byggja á skráningu í Nóra kerfinu.

*Skóla- og frístundaráð lýsir ánægju með fjölda umsókna og fjölgun iðkenda. Skóla- og frístundaráð samþykkir tillögu um úthlutun og vísar til staðfestingar í bæjarráði.*

**4. 1805113 - Gjaldskrá fyrir sumarstarf Þorpsins 2018**

Tillaga að gjaldskrá fyrir sumarstarf Þorpsins 2018.

*Skóla- og frístundaráð samþykkir tillögu um gjaldskrá og fagnar því að gjaldskrá haldist óbreytt milli ára. Tillögunni er vísað til bæjarráðs.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:30.**

*Þórður Guðjónsson  
Rakel Óskarsdóttir  
Sigrún Inga Guðnadóttir  
Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir*

*Kristinn H. Sveinsson*